



Hagsmunaskráning æðstu stjórnenda og aðstoðarmanna ráðherra í Stjórnarráði Íslands

sbr. lög um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands nr. 64/2020.

Nafn	Pjartney Ólafur Guðmundardóttir
Starfsheiti	Ráðherra/ráðuneytisstjóri/aðstoðarmaður/skrifstofustjóri/sendiherra
Dagsetning	2. maí 2024

Upplýsingar á eyðublaði þessu taka til tímabilsins frá því að starfsmaður skilar því til forsætisráðuneytisins. Umtalsverðar breytingar skulu tilkynntar eins fljótt og auðið er. Forsætisráðuneytið veitir leiðbeiningar um framkvæmd skráningar og hvort fyrir hendi kunni að vera hagsmunaárekstrar sem kalli á aðgerðir.

Forsætisráðuneytið birtir opinberlega upplýsingar um hagsmuni ráðherra, ráðuneytisstjóra og aðstoðarmenn ráðherra. Óheimilt er að birta opinberlega þann hluta eyðublaðsins sem tekur til upplýsinga um fjárhagsleg mállefni maka og ólögráða barna á framfæri æðstu stjórnenda og aðstoðarmanna ráðherra og eru upplýsingarnar undanþegnar ákvæðum upplýsingalaga, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 64/2020.

1. Eignir.

- ÷ a. Fasteignir hérlandis og erlendis. *HEIMARVEGUR 71, ÖLAFLAKDI
HÁALETTISBRAUT 151, REYKJAVÍK*
- ÷ b. Eignarhlutir í félögum hérlandis og erlendis, þ.m.t. einkahlutafélögum, hlutafélögum, sameignarfélögum, samlagsfélögum, sjálfseignarstofnunum í atvinnurekstri og önnur skyld eignarréttindi.

2. Skuldir og ábyrgðir.

- ÷ a. Skuldir hérlandis og erlendis, m.v. þann dag sem eyðublaðinu er skilað til forsætisráðuneytis. Ekki er þó skyld að tilkynna um skuldir vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, bifreiða til eigin nota eða námslána. Þá er ekki skyld að tilkynna um skuldir við viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir ef fjárhæð er undir 5 millj. kr.
- ÷ b. Ábyrgðir hérlandis og erlendis, m.v. þann dag sem eyðublaðinu er skilað til forsætisráðuneytis. Ekki er þó skyld að tilkynna um ábyrgðir vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, bifreiða til eigin nota eða námslána. Þá er ekki skyld að tilkynna um ábyrgðir við viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir ef fjárhæð er undir 5 millj. kr.

3. Upplýsingar um maka og ólögráða börn á framfæri starfsmanns (ekki birtar opinberlega).

- ÷ a. Eignir, sbr. lið 1 að framan.
- ÷ b. Skuldir og ábyrgðir, sbr. lið 2 að framan.

4. Ólaunuð trúnaðarstörf

- ÷ Heimilt er að skrá upplýsingar um ólaunaða stjórnarsetu eða önnur ólaunuð trúnaðarstörf fyrir hagsmunasamtök og félög önnur en stjórnmálasamtök. Skylt er að sækja um heimild til forsætisráðuneytisins vegna launaðra aukastarfa, sbr. 3. gr. laga nr. 64/2020.

**Leiðbeiningar vegna hagsmunaskráningar ráðherra
á grundvelli laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands, nr. 64/2020.**

1. Hagsmunaskráning ráðherra

- 1.1. Ráðherrum er skylt að tilkynna forsætisráðuneytinu um eignir, skuldir, sjálfskuldarábyrgðir og aðrar ábyrgðir sínar hérlandis og erlendis auk sömu upplýsinga um maka sína og ólögráða börn á framfæri sínu, sbr. 2. gr. laganna.
- 1.2. Samkvæmt athugasemdu við 2. gr. í greinargerð frumvarps þess er varð að lögunum er með hugtakinu *eignir* einkum átt við fasteignir og eignarhluti í félögum, þ.m.t. einkahlutafélögum, hlutafélögum, sameignarfélögum, samlagsfélögum, sjálfseignarstofnunum í atvinnurekstri og önnur skyld eignarréttindi. Ekki er því skylt að tilkynna um eignir í lausafé. Hvað varðar eignarhluti í félögum er mælst til þess að eignarhlutfall sé skráð en annars nafnverð hluta. Óska má eftir því að ekki verði birtar opinberlega upplýsingar um staðsetningu íbúðar- og frístundahúsnæðis til eigin nota.
- 1.3. Ekki er skylt að tilkynna um:
 - a. skuldir og ábyrgðir vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota,
 - b. skuldir og ábyrgðir vegna bifreiða til eigin nota,
 - c. skuldir og ábyrgðir vegna námslána,
 - d. skuldir og ábyrgðir við viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir ef fjárhæð er undir 5 millj. kr.
- 1.4. Ráðherra ber ábyrgð á að tilkynna jafnóðum umtalsverðar breytingar á framangreindum upplýsingum. Samkvæmt athugasemdu við 2. gr. í greinargerð frumvarps þess er varð að lögunum er með áskilnaðinum um að breytingar þurfi að vera umtalsverðar átt við að ekki þurfi að tilkynna minni háttar breytingar á borð við þær sem leiðir af afborgunum af skuldum eða breytingar vegna vaxta og vísitölubindingar.
- 1.5. Mælst er til þess að ráðherrar skili inn nýrri hagsmunaskráningu í lok aprílmánaðar ár hvert, jafnvel þótt eina breytingin sé uppfært ártal.
- 1.6. Ráðherra er heimilt að birta opinberlega hverjar þær upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína sem hann kýs, í þágu gagnsæis og trausts almennings á embættisverkum ráðherra.
- 1.7. Ráðherra er heimilt að birta opinberlega upplýsingar um ólaunuð trúnaðarstörf.

2. Birting upplýsinga

- 2.1. Hagsmunaskráning ráðherra er birt á vef Stjórnarráðsins, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna.
- 2.2. Ekki eru birtar upplýsingar um hagsmunaskráningu maka og ólögráða barna á framfæri ráðherra og er sa hluti tilkynningarinnar undanþeginn upplýsingarétti almennings samkvæmt upplýsingalögum, sbr. 3. mgr. 7. gr. laganna.

3. Verklag vegna eftirlits forsætisráðuneytisins með hagsmunaskráningu ráðherra

- 3.1. Forsætisráðuneytið sinnir eftirliti og almennri ráðgjöf um hagsmunaskráningu, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 64/2020.
- 3.2. Forsætisráðuneytið ber ábyrgð á því að upplýsa nýja ráðherra um skyldu þeirra til að tilkynna um fjárhagslega hagsmuni sína.
- 3.3. Sinni ráðherra ekki skyldu sinni til að tilkynna forsætisráðuneytinu um hagsmuni sína sendir ráðuneytið áminningu þess efnis, eigi síðar en tveimur vikum eftir að ráðherra hefur verið skipaður í embætti.
- 3.4. Hafi hagsmunaskráning ekki borist fjórum vikum eftir að ráðherra hefur verið skipaður í embætti vekur forsætisráðherra athygli ríkisstjórnar á því og skal það bókað.
- 3.5. Berist forsætisráðuneytinu ábending um annmarka á hagsmunaskráningu ráðherra vekur forsætisráðherra athygli viðkomandi ráðherra á því.